



Stjórnafundur UMSB haldinn í ráðhúsi Borgarbyggðar 21. mars klukkan 18:00

Mættir: María Júlía (fór af fundi eftir lið 3), Bragi Þór Svavarsson, Sigríður Bjarnadóttir, Bjarni Þór Traustasson, Guðrún Þórðardóttir, Raket Guðjónsdóttir, Þórhildur María Kristinsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir og Sigurður Guðmundsson.

1. Sambandsstjóri setur fundinn

María Júlía setti fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Tvær fundargerðir samþykktar fundargerð frá því 8. nóvember og 23. janúar.

3. Ný stjórn tekur við

Ný stjórn tekur við og var það María Júlía sem hættir sem sambandsstjóri Bragi Þór Svavarsson tekur við, Kristín Gunnarsdóttir hættir sem ritari og Bjarni Þór Traustason tekur við, Anna Dís Þórarinsdóttir hættir sem meðstjórnandi og Raket Guðjónsdóttir tekur við. María Júlía þakkar fyrir gott samstarf. UMSB þakka þeim sem eru að hætta góð störf.

4. Farið yfir helstu verkefni UMSB

Framkvæmdarstjóri fór yfir helstu verkefni UMSB. Skjal með tíma línu var sent á stjórn fyrir fundinn þar sem hægt er að sjá helstu verkefni og á hvað tíma þau eru unnin. Einnig var rætt um að fara þurfi betur yfir óskalista félaga í aðstöðu til íþróttar. Óskalistinn hefur ekki verið ræddur við félög í nokkurn tíma. Framkvæmdarstjóra falið að fara yfir þá lista sem til eru og flokka hann í smærri og stærri verkefni. Umræða um listann verður svo tekin á næsta formannafundi í vor.

Ákveðið var að starfsmenn UMSB skrái niður hjá sér hversu margar tímar fara í þau verkefni sem verið er að vinna. Þannig er hægt að sjá hversu mikill tími fari í ákveðin verkefni. Einnig að lista upp þau verkefni sem UMSB er að sinna fyrir Borgarbyggð en er ekki að fá greitt fyrir samkvæmt samningi.

5. Samningar UMSB /Borgarbyggðar

Farið var lauslega yfir þau verkefni sem UMSB er að sinna fyrir Borgarbyggð. Félög hafa kallað eftir auknum styrkjum frá Borgarbyggð. Vinna þarf að því að auka fé til félaga.

Farið verður í samtal við aðildarfélög um hvað leið skuli farin. Kallað verður eftir fundi með þeim fljótlega.

6. Tillögur sem lagðar voru fyrir þing UMSB

Nokkr tillögur voru lagðar fyrir sambandsþing UMSB sem þarf að fylgja eftir. Ein af þeim var ákall félaga um hækkun starfsstyrkja.

Í tillögunni er talað um að fara á fund Borgarbyggðar til að ræða tillögur hreyfingarinnar um aukið fé. Mikilvægt er að byggja á því góða starfi sem unnið er innan félagann, tala um mikilvægi þess að börn og ungmenni haldist sem lengst í íþróttum uppá forvarnir. Kallað verður eftir upplýsingum frá félögum hversu mikið fé fer í barna og unglíngastarf. Einnig rætt hvort félög geti séð um ákveðin verkefni fyrir sveitarfélagið og fengið pening fyrir þá vinnu. T.d. rætt um verkefni sem tengist hreyfingu eldra fólks.

Einnig var rætt að hraða því að stofna landsmótsnefnd fyrir langsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 2020. Ákveðið er að mótið verði haldið 20. -21. júní. Ákveða þarf greinar fyrir mótið sem verður í sumar á Neskaupsstað. Nöfn voru rædd í landsmótsnefnd en það á eftir að ræða við aðila.

7. Samningur KPMG og UMSB

Kynning á samningi KPMG og UMSB sem undirritaður var um daginn. KPMG greiðir UMSB 1 milljón sem veður svo útdeilt til félaga. Skallagrímur karfa og Skallagrímur knattspyrna fær 250 þúsund hvort. Afganginum verður svo skipt á milli annarra félaga og UMSB. UMSB er núna með bókhaldið hjá UMFÍ sem heldur utan um bókhald.

8. Íþróttatæing ÍSÍ 3.-4. maí 2019

Sambandsstjóri fer á þing ÍSÍ dagana 3. – 4. maí, framkvæmdarstjóri situr einnig þingið.

9. Sjóðir sem hægt er að sækja um

Farið var yfir þá sjóði sem hægt er að sækja um í dag. Það er opið fyrir umsóknir í tvo sjóði hjá UMFÍ núna. Opið er fyrir Umhverfissjóð til 15. apríl og Fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ en opið er í þann sjóð til 1. apríl. UMSB mun sækja um fyrir verkefnið Sýnum karakter, skyndihjálpar námskeið og fyrirhugaða íþróttahátíð.

10. Skipulag funda hjá stjórn UMSB

Rætt um að koma á framkvæmdarstjórnarfundi sem fundar á milli funda.

Samþykkt var að stjórn UMSB fundi á fimmtudögum fram á sumar klukkan 18:15.

Einnig var samþykkt að greiða sama gjald og hefur verið í gegnum árin 70 kr á kílómetra nema fyrstu 10 km á hvern fund.

11. Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verður í Borgarnesi dagana 10. – 12. apríl Borgarbyggð og UMSB eiga sex sæti á ráðstefnunna. UMSB mun fylgjast með ráðstefnunni og fjalla um hana.

12. Heimasíða UMSB

Farið var yfir hugmyndir að nýrri heimasíðu UMSB. Eins og heimasíða UMSB er í dag hentar hún ekki í síma. Einnig eru félög að kalla eftir því að vera með síðu tengda okkur. Því verður áfram unnið að þessum málum og kannaður möguleiki og kostnaður við það að skipta um síðu.

13. Önnur mál

Rætt var um skipulag æfinga og nýtingu í íþróttahúsinu í Borgarnesi. Mikilvægt er að þarfir barna sem númer eitt þegar verið er að útdeila tímum og raða upp í húsið.

Rætt var um að fara í verkefni inn á UMSB facebook fjalla um málefni með spurningu vissir þú?

Fundi slitið 20:30.

Sigurður Guðmundsson ritaði fundargerð.